



Umhverfis- og skipulagssvið

Hlíðarendi – Reitir G, H og I

Á fundi borgarráðs þann 24. febrúar 2022 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 10. febrúar 2022, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 9. febrúar 2022 á breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda vegna reita G, H og I, ásamt fylgiskjöllum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins og lögðu fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að tryggja skóla- og leikskólarými fyrir hverfið samhliða uppbyggingu. Rýning á framtíðarnýtingu Vörðuskóla er nú yfirstandandi, en jafnframt eru mikil tækifæri fólgin í húsnæði Tækniskólans sem mun losna á næstu árum.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Það er með ólíkindum að hægt sé með einu pennastriki að umbreyta heilu svæðunum frá upphaflegu skipulagi. Hér er verið að umbreyta þremur lóðum og í umsögnum hagsmunaaðila eru réttmæt rök fyrir því að um fullkominn forsendubrest að ræða. Hugmyndirnar um þjónustu á fyrstu hæðum í nýbyggingum hafa brostið og nú þegar er farið að breyta atvinnuhúsnæði í íbúðir á nokkrum reitum.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Málið er um að breyta deiliskipulagi Hlíðarenda vegna reita G, H og I. Í breytingunni felst að breyta lóðum G og H úr atvinnulóðum í íbúðalóðir, breyta opnu svæði til bráðabirgða í íbúðarlóð, I, fjölga íbúðum og breyta bílastæðakröfu til samræmis við bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar. Við þetta er sýnt að mati fulltrúa Flokks fólksins að umferð um Nauthólsveg mun aukast og einnig vegna uppbyggingar námsmannaíbúða við Nauthólsveg og uppbyggingar í Skerjafirði og brúar yfir Fossvog. Núverandi íbúar kvarta einkum yfir því að skerða eigi grænt svæði sem þó er sagt vera framtíðarbyggingarreitur og gert er ráð fyrir 460 íbúðum. Græna svæðið er mikið notað á hverjum degi af íbúum hverfisins hvort sem það eru börn með fullorðnum eða hundaeigendur. Fulltrúi Flokks fólksins sér að þarna er gott færi á að koma til móts við íbúa og íbúaráð vill að það verði athugað með formlegum hætti, umfram það sem gert hefur verið til þessa, álit íbúa á Hlíðarenda á að byggt verði á reit I. Þetta er sameiginlegt grænt svæði og líkur á að íbúar vilji halda í það til sameiginlegra afnota. Fulltrúi Flokks fólksins leggur áherslu á að þetta verði gert.

Helga Björk Laxdal
e.u.